

Svar

innviðaráðherra við fyrirspurn frá Bergþóri Ólasyni um styrki og samstarfssamninga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða fyrirtæki og félagasamtök hafa notið styrks frá ráðuneytinu, undirstofnunum þess eða sjóðum á vegum ráðuneytisins eða undirstofnana þess eða gert samstarfssamning við þessa aðila frá 1. janúar 2017 þar til nú, þar sem samanlögð upphæð styrks eða fjárhæð í samstarfssamningi var 10 millj. kr. eða hærri? Svar óskast sundurliðað eftir árum, eftir því hvers eðlis styrkur eða samstarfssamningur var og eftir því hversu oft styrkur eða samstarfssamningur var endurnýjaður.

Innviðaráðuneyti tók til starfa 1. febrúar 2022 og miðast svarið við það. Tilteknir eru styrkir og samningar sem gerðir hafa verið eftir að ráðuneytið var stofnað ásamt þeim samningum sem voru í gildi þegar ráðuneytið tók til starfa.

Undir ráðuneytið heyra sjö stofnanir: Byggðastofnun, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA), Samgöngustofa, Skipulagsstofnun, Vega-gerðin og Þjóðskrá Íslands.

HMS, RNSA, Samgöngustofa, Skipulagsstofnun og Þjóðskrá Íslands hafa ekki gert samstarfssamninga eða veitt styrki til fyrirtækja eða félagasamtaka fyrir 10 millj. kr. eða meira á tímabilinu sem um ræðir.

Í töflu að aftan er tilgreint hvaða fyrirtæki og félagasamtök hafa notið styrks eða gerðir hafa verið samningar við og hvers eðlis styrkur eða samningur er, sundurliðað eftir árum. Um er að ræða styrki og framlög til verkefna, sbr. 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, en ekki eru tilteknir samningar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni, sbr. 40. gr. laganna.

Styrkir eru almennt ekki endurnýjaðir heldur þarf viðkomandi fyrirtæki eða félagasamtök að sækja um árlega eða eftir því sem styrkir eru auglýstir.

	2021	2022	2023	Samtals
Innviðaráðuneyti				
Háskólinn á Bifröst: Rannsóknasetur í byggða- og sveitarstjórnarmálum, styrkur af byggðaáætlun og úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga			12.000.000	12.000.000
Sigtún þróunarfélag ehf.: Starfsaðstaða á Selfossi vegna starfa án staðsetningar, styrkur af byggðaáætlun	5.000.000	15.000.000	10.000.000	30.000.000
Byggðastofnun				
<i>Styrkir vegna flutningsjöfnunar framleiðsluvara á grundvelli laga nr. 160/2011:*</i>				
Arna ehf.		11.591.835		11.591.835
Oddi hf.		13.239.198		13.239.198
Skinney–Þinganes hf.		12.484.202		12.484.202

	2021	2022	2023	Samtals
<i>Styrkir vegna flutningsjöfnunar oliuvara á grundvelli laga nr. 160/2011:</i>				
Skeljungur hf. / Skel fjárfestingarfélag		31.019.666	34.670.041	65.689.707
N1 ehf.		79.795.078	73.427.089	153.222.167
Olís ehf.		59.721.096	65.434.917	125.156.013

Vegagerðin

Styrkir til reiðvega á grundvelli vegalaga, nr. 80/2007:

Hestamannafélagið Léttir		10.000.000		10.000.000
Landssamband hestamannafélaga		12.000.000		12.000.000
Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi		29.272.429	3.282.500	32.554.929

* Alþingi er upplýst árlega um styrki á grundvelli laga nr. 160/2011, um svæðisbundna flutningsjöfnun.